

## Umsögn við breytingu á reglugerð nr. 163/1973, um hvalveiðar

Við skorum á ríkistjórn að stöðva hvalveiðar við Ísland við fyrsta tækifærið.

Það hefur sýnt sig að hvalveiðar eru efnahagslega óskynsamlegar, þær eru skaðlegar fyrir loftslag, vistkerfi sjávar og ímynd þjóðarinnar.

Hvalveiðar brjóta lög um velferð dýra, ógna lífríki og vistkerfi sjávar, losa umtalsvert af CO<sub>2</sub> út í andrúmsloftið og skaða ímynd Íslands.

Hvalveiðivertíðin hófst nú eftir fjögurra ára hlé þegar tvö skip Hvals hf. héldu til veiða. Þeim er heimilt að veiða 161 langreyði og 217 hrefnur. Langreyður er á valista yfir dýr í útrýmingarhættu samkvæmt samningi um alþjóðaverslun með tegundir í útrýmingarhættu (CITES) og Japan er eina ríkið sem verslar langreyðakjöt.

Skýrsla sem norsk yfirvöld sendu Alþjóðahvalveiðiráðinu (IWC) sýndi fram á að næstum 20% af hvölum sem skotnir voru með penþrít sprengiskutli hafi þjást í um 6-25 mínútur eftir að skotið á sér stað þar til þeir deyja að lokum. Þetta er án efa brot á lögum um velferð dýra:

21. gr. Aflífun.

Dýr skulu aflífuð með skjótum og sársaukalausum hætti og eftir því sem unnt er án þess að önnur dýr verði þess vör. Forðast skal að valda dýrum óþarfa þjáningum eða hræðslu.

Hingað virðist lítið sem ekkert eftirlit hafa verið með hvalveiðum. Þegar Hvalur ehf. var við veiðar árið 2018 þá drápu þeir amk tvo blendingshvali og amk. 11 kelfdar langreyðakýr.

Þegar fréttir bárust af drápi á blendingshvöllum á Íslandi vakti það mikla reiði á alþjóðavísu og ferðamenn fóru í hrönnum að afbóka hvalaskoðunarferðir. Það er bannað með lögum að selja og drepa blendingshvali því þeir eru afar sjaldgæfir.

### Þar af leiðandi styðjum við viðbót við reglugerðina sem ráðherra leggur til:

1. gr. Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi: Skipstjórar hvalveiðiskipa skulu tilnefna dýravelferðarfulltrúa úr áhöfn fyrir hvert skip og skal hann bera ábyrgð á því að rétt sé staðið að velferð hvala við veiðarnar. Dýravelferðarfulltrúi skal ekki vera sá sami og beitir skutli. Dýravelferðarfulltrúar skulu sækja námskeið sem samþykkt skal vera af Matvælastofnun. Slíkt námskeið skal að lágmarki vera fræðsla um virkni sprengiskutuls, beitingu hans og beitingu skotvopna. Velferðarfulltrúi skal halda skrá yfir allar aðgerðir er varða veiðarnar, mynda þær á myndband og skrá þær niður. Öllum gögnum sem velferðarfulltrúi áhafnar hvalveiðiskips safnar saman skal komið til eftirlitsdýralæknis eftir hverja veiðiferð. 2. gr. Reglugerð þessi er sett með stoð í 21. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra.

Jafnframt viljum við benda á:

Samkvæmt 2. gr reglugerðar um hvalveiðar er bannað að veiða hvalkálfa, hvali á spena og kvenkyns hvali sem kálfar eða hvalir á spena fylgja. Hins vegar er ekki bannað að veiða kelfdar hvalkýr þrátt fyrir að kálfurinn hljóti langdreginn dauðdaga í móðurlífi.

### Endurnýjun hvalveiðikvóta 2019-2023

Þegar Kristján Þór Júlíusson var sjávarútvegsráðherra gaf hann út nýjan kvóta á veiðar á langreyðum og hrefnum til og með ársins 2023 með tilvísun í "hagfræðiskýrslu". Þessi skýrsla hefur verið gagnrýnd harðlega af vísindasamfélaginu og m.a. leiðrétt af Vistfræðifélagi Íslands.

„Þessi skýrsla telst tæplega merkilegt gagn til vandaðrar umræðu um nýtingu náttúruauðlinda landsins. Til þess er hún of yfirborðsleg og hlutdræg og, sér í lagi óvönduð m.t.t. líffræði og vistfræði. Að reiða fram 20 ára upplýsingar og eldri um fæðu hvala, stilla upp átti þeirri samhengislaust og styðjast við einfalt, 20-30 ára gamalt "fjölstofnalíkan", sem alþjóðavísindasamfélagið hefur hafnað sem ónothæfu og prófessor emeritus við H.Í. skaut á kaf fyrir tæpum 10 árum (vegna fyrri skýrslu Hagfræðistofnunar, C10:02), er óboðlegt og æðstu vísindastofnun landsins til vansa." Hilmar J. Malmquist líffræðingur og forstöðumaður Náttúruuminjasafns Íslands.

## Áhrif hvalveiða á loftslagið

Loftslagsbreytingar eru stærsta vátíðing fyrir jörðina og allt mannkyn.

Einn hvalur bindur kolefni á við 1000 tré, með því að kafa á sjávarbotn og ferðast um höfin, framleiða þeir næringarrík úrgangský og þegar þeir enda lífdaga sína í hafinu sjálfu og sökkva til botns sjá þeir um grundvallarkolefnisbindingu fyrir loftslagið. Þannig eru þeir einn mikilvægasti hlekkurinn í baráttu okkar gegn loftslagsbreytingum. Þegar hvalir eru veiddir og verkaðir losa þeir hins vegar kolefni út í andrúmsloftið.

Ef Hval ehf. tekst ætlunarverk sitt, að veiða 161 langreyði í sumar, jafngildir losunin sem því fylgir því að fella um 161.000 tré.

## Hvalir styrkja fiskistofna

Næringarefni frá hvölum styrkja svif og önnur smádýr; fjölgun þeirra styrkir fiskistofna, stóra sem smáa, og á endanum hvalina sjálfa. Hvalir gefa þar af leiðandi meira en þeir taka.

## Menningararfleifið

Sú mýta sem jafnan er haldið fram, að sterk hefð sé fyrir hvalkjötsáti á Íslandi, á sér ekki stoð í raunveruleikanum. Kannanir sýna að lágt hlutfall Íslendinga neyti hvalkjöts í Gallupkönnun árið 2017 sögðust aðeins 1 prósent Íslendinga borða hvalkjöt reglulega, 81 prósent sögðust aldrei hafa borðað það. Hvalkjöt er ekki talið holl fæða og það er eindregið varað við neyslu kjöt tannhvala.

## Hvalveiðar skaða ímynd Íslands

Velgengni hvalaskoðunarfyrtækja á Íslandi sýnir okkur afdráttarlaust að hvalir eru mun verðmætari lifandi en dauðir. Rannveig Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri og eigandi hvalaskoðunarfyrtækisins Eldingar segir að “áralöng reynsla sýni að hvalveiðar skaði utanríkishagsmunum þjóðarinnar. Hvalveiðar séu í algjörru andstöðu við það sem Íslendingar séu að selja og þá ímynd sem reynt sé að byggja upp.” Samkvæmt nýrri könnun sem Maskína gerði fyrir Náttúruverndarsamtök Íslands telja nærri tveir þriðju aðspurðra, 64,3 prósent, hvalveiðar skaða orðspor Íslands. Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar segir könnunina sýna að viðhorf Íslendinga sé að breytast. Hvalaskoðun sé farin að skila miklum ávinningi sem ein af höfuðafþreyingum ferðaþjónustu. Jóhannes segir hvalaskoðun gegna lykilhlutverki á nokkrum landsvæðum og eigi mikið inni. „Við höfum mörg augljós og skrásett dæmi um að fólk í okkar helstu markaðslöndum, Mið Evrópu og Bandaríkjunum, sniðgangi bæði ferðir til Íslands og íslenskar vörur út af hvalveiðum.“

Við undirrituð skorum á ríkistjórn að stöðva hvalveiðar við Ísland við fyrsta tækifærið.

Meike Erika Witt

Ralf Duerholt

Sigurlaug Knudsen Stéfansdóttir

Guðmundur Andrés Erlingsson

Margrét Júlíana Sigurðardóttir

Ellý Hanna Sigurðardóttir

Hlín Pétursdóttir Behrends

Eileen Sif Knudsen

Stefán Ásgrímsson

Ása Lind Finnbogadóttir

Hildigunnur Rúnarsdóttir

Þórdís Sævarsdóttir

Christina Finke

Aldís Amah Hamilton

Alda Sigmundsdóttir